



### Minnisblað - endurskoðun reglna fyrir vali á íþróttamanni ársins í Ísafjarðarbæ

Ísafjarðarbær hefur útnefnt íþróttamann ársins frá því að sveitarfélagið varð til. Sveitarfélögin sem sameinuðust undir nafni Ísafjarðarbæjar útnefndu sinn íþróttamann mörgum árum áður.

Það er íþróttá- og tómsbundanefnd sem velur á lokuðum fundi hver hlýtur útnefninguna íþróttamaður ársins í Ísafjarðarbæ og styðst nefndin við reglur sem samþykktar voru árið 2013. Í janúar 2023 hóf íþróttá- og tómsbundanefnd endurskoðun á þessum reglum. Á 244. fundi nefndarinnar þann 20. september 2023 var ákveðið að vísa endurskoðuðum reglum til bæjarstjórnar til samþykktar. Hér eru um tvær megin breytingar að ræða:

#### 1. Fjöldi tilnefninga og hvaðan þær berast

Hingað til hafa aðeins aðildarfélög HSV fengið að skila inn tilnefningum um íþróttamann ársins og þá mátt tilnefna einn íþróttamann úr hverri grein.

**Breyting:** Samkvæmt endurskoðuðum reglum mega nú íþróttafélög í sveitarfélaginu tilnefna einn íþróttamann úr hverjum kynjaflokki úr þeirri íþróttagrein sem þar er stunduð. Jafnframt gefst nú íbúum Ísafjarðarbæjar kostur á að tilnefna íþróttafólk í gegnum form sem auglýst verður á síðu Ísafjarðarbæjar.

Íþróttá- og tómsbundanefnd velur 10 íþróttamenn úr öllum tilnefningum sem verða í endanlegu kjöri um íþróttamann ársins.

#### 2. Tilnefningar og rökstuðningur opinberaður

Listi yfir þá íþróttmenn sem eru í kjörinu hefur ávallt verið birtur á síðu Ísafjarðarbæjar.

**Breyting:** Samkvæmt endurskoðuðum reglum mun listi yfir þá 10 íþróttamenn sem eru í endanlegu kjöri vera birtur áður en hátíðarsamkoman fer fram. Að henni lokinni verður birtur listi yfir allt íþróttafólk sem hlaut tilnefningu frá bæði íþróttafélögum og bæjarbúum. Jafnframt verður greint frá því hvort það var íþróttafélag eða íbúi sem tilnefndi en þó verða nöfn íbúa ekki birt.

**Íþróttá- og tómsbundanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja þessar endurskoðuðu reglur.**